

L Ö G

37

1. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði í Dalvíkurhreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra matsmanna. Skylt skal hreppnum að selja ríkinu jörðina aftur eða hluta úr henni, ef ríkið þarf á því að halda fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, og skal endurkaupverðið þá ekki vera hærra en matsverðið við söluna. Enn fremur er Dalvíkurhreppi skylt að kaupa af ábúanda Böggvisstaða hús hans og önnur mannvirki á jörðinni við ábúenda-skipti eftir mati úttektarmanna, ef öðruvísi semst ekki.

Land býlisins Árgerðis fylgir með í sölnunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleigu-ábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölnunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

38

1. maí

um skipulag og hýsingu prestssetra.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um byggingu íbúðarhúsa.

1. gr.

Á næstu fimm árum skal fara fram rækileg athugun á öllum prestssetrum landsins, og skal þar sérstaklega koma til álita:

1. Hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni.